

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Deiliskipulag fyrir fjölbylishús við Sambyggð.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss samþykkti breytingu á deiliskipulagi fyrir fjölbylishúsalóðir við Sambyggð í Þorlákshöfn samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingartillagan tekur til:

1. Sambyggð 14 a og b verða sömu stærðar 14 x 38 m en snúa nú norður-suður. Bílastæði er innan lóða (P20), ekið inn af botnlanga.
2. Botnlangi er stytur og snúningssvæði fært fjær hringtorginu.
3. Bílastæði við götu eru tekin út.
4. Sambyggð 16, lóð er breytt og nær nú utan um öll bílastæði en sérstakur bílskúrareitur fellur út.
5. Sambyggð 18 færast um 2,5 m nær Sambyggð 2-4 og Sambyggð 20 um 4 m fjær götu. Bil milli blokka er jafnað út.
6. Göngustígur við Ölfusbraut færast nú um 4,5 m frá götu. Göngustígur fyrir innan þetta græna belti og mön færast því nær götu.
7. Innakstur frá Ölfusbraut er felldur út.

Deiliskipulagið hefur verið auglýst, kynnt og hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun samþykkti deiliskipulagið með bréfi dagsettu 20. maí 2019.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 20. maí 2019.*

F.h. Sveitarfélagsins Ölfuss,

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.